Nd. **162. Nefndarálit**

um frv. til kosningalaga fyrir Reykjavík.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Með lögum um kosningarrjett og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga frá 1909 er kveðið á um það, hverjir hafi kosningarrjett í málefn-

um kaupstaðanna, og er þar eitt skilyrðið það, að hlutaðeigandi greiði gjald í bæjarsjóð. Nú hafa kaupstaðirnir hver eftir annan fengið þessu breytt þannig, að kosningarrjetturinn í bæjarmálefnum er bundinn sömu skilyrðum og til Alþingis, Akureyri með l. nr. 65, 14. nóv. 1917, Ísafjörður með l. nr. 67, 14. nóv. 1917, Vestmannaeyjar með l. nr. 26, 22. nóv. 1918, Siglufjörður með l. nr. 58, 22. nóv. 1919, og Seyðisfjörður með l. nr. 61, 28. nóv. 1919. Hafnarfjörður og Reykjavík eru því einu kaupstaðirnir, sem ekki hafa breytt þessu. Þegar bæjarstjórn Reykjavíkur fer nú fram á að fá þessu breytt, virðist ekki sanngjarnt að neita um það, eftir það, sem á undan er farið. Aftur á móti er meiri hluti nefndarinnar frá hverfur því atriði í frumvarpsgreininni, að þeir fái kosningarrjett, sem standa i skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, ef hann hefir verið veittur fyrir elli, heilsubrest, ómegð eða atvinnuleysi. Meiri hlutinn vill ekki fallast á þá grundvallarreglu, að rjett sje að þeir hafi íhlutun um ráðstafanir á fje bæjarsjóðs, sem njóta þaðan fátækrastyrks. En sjerstaklega verður að telja hæpna aðgreiningu þá, sem frv. gerir á orsökunum til þess að sveitarstyrkur hefir verið veittur. Slík aðgreining mundi verða mjög erfið og jafnvel ómöguleg í framkvæmd og afarövinsæl, og mundi sennilega leiða til þess, að öllum eða nálega öllum, sem fátækrastyrk þiggja, yrði veittur kosningarrjetturinn.

Þegar sú breyting hefir verið gerð, að sömu kjörskrár að öllu leyti geti gilt við kosningar í bæjarmálefnum og til Alþingis, verður allur síðari partur 3. gr. frv. óþarfur, og af niðurfellingu hans leiða svo aftur III. og IV. brtt. nefndarinnar.

Viðvikjandi 7. gr. frv. sjer meiri hlutinn, og víst reyndar öll nefndin, erfiðleika á því, að gera kosningu utan kjörstaðar jafnviðtæka og þar er gert. Þá þyrfti að senda kjörgögn út um alt land, og sýnist það vera óþarflega umsvifamikið í samanburði við þann ávinning, sem af því hlytist. Hitt er aftur á móti augljós rjettarbót frá því, sem nú er, að kjósendur geti greitt atkvæði hjá bæjarfógeta í Reykjavík strax er framboðsfrestur er liðinn og á skipum frá Reykjavík.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að háttv. deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr. Greinin orðast svo:

Kosningarrjett við bæjarstjórnar- og borgarstjórakosningar, svo og við kosningu annara nefnda eða opinberra starfsmanna, er vinna í bæjarins þarfir og kjósa ber með almennum kosningum, hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára eða eldri og hafa átt lögheimili í bænum í eitt ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, eigi heldur foreldrar og börn nje móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konu jafnan að skorast undan kosningu.

II. Við 3. gr.

Orðin frá og með »og viðbótarskrá« í fyrsta málslið greinarinnar og út greinina falla burt.

III. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:

Við aukakosningar getur bæjarstjórn stytt þennan frest um helming.

IV. Við 6. gr. Greinin fellur burt. Greinatalan á eftir breytist því samkvæmt.

V. Við 7. gr., sem verður 6. gr.:

Á eftir orðunum: »geta neytt atkvæðisrjettar síns«, kemur: á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík og á skipum frá Reykjavík.

VI. Fyrirsögn frumvarpsins verður:

Frv. til laga um kosningar í bæjarmálefnum Reykjavikur.

Alþingi, 17. mars 1924.

Jón Þorláksson,
form.

Jörundur Brynjólfsson,
með fyrirvara.

Magnús Jónsson,
framsm. meiri hl.

Jón Kjartansson.